

Dativismus og conunctivitis.

Ulfur
8 nov.
1938

Eg hefi einhvern smá vaktð athygli á því hve mjög er að fara í vöxt að misbeita þágu-falli orða, svo að það er viða haft þar sem vera ætti, að réttin lagi þolfall. Og að slikær mál-spillingu mætti kalla dativismus (af dativus, þágufall; sbrjótaismus, nýgrískunnar). Annan galla á íslensku ritmáli, sem nú er að verða hættilegur, mætti nefna conjunctivitis, þó að það orð sé nú rauðar til sem nafn á einni tegund angre-veiki. En þessi ritmáls-conjun-ctivitis er í því fólgini, að við-tengingarhættinum (conjunc-tivus) er of mjög heitt, og það svo að jafnvel getur orðið hein vitleysa úr. Gott dæmi rak eg mig á í blaðafrétt í gær. Þar stendur svo: „Japanska stjórnin hefir látið sendiherra sinn í Moskva mótmæla því, að rúss-neskt riddaralið hafi gert inn-rás í Mansjúkúríki“.

Verður þetta, eftir orðalag-inu, ekki skilið á aðra leið en þá, að sendiherrann hafi átt að mótmæla því að fregnin væri sönn, og sjá allir hve slikt er hlaegilegt.

4. nóv.

Helgi Pjetursen